

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1147. tbl - 25. árg.

13. febrúar 2025



112 dagurinn haldinn hátíðlegur



að vera ekki í símanum við akstur.

Í Snæfellsbæ var tekið forskot á 112 daginn og haldið upp á hann sunnudaginn 9. febrúar. Líkt og síðustu ár keyrði bílalest viðbragðsaðila um sveitarfélagið, slökkvilið Snæfellsbæjar, björgunarsveitin Lífsbjörg, sjúkrabíll og lögreglan fóru um Ólafsvík, Hellissand og Rif með ljós og sírenur. Allir viðbragðsaðilar enduðu í björgunarstöð-

inni Von ásamt fulltrúum Rauða krossins þar sem sett var upp sýning á björgun úr bíl auk þess sem þau kynntu störf sín og búnað.

Í Grundarfirði óku slökkvilið Grundarfjarðar og björgunarsveitin Klakkur um bæinn á sjálfan 112 daginn og endaðu á opnu húsi hjá Björgunarsveitinni Klakki. Með þessu minna viðbragðsaðilar á sig og það mikilvæga starf sem þeir sinna.

SJ

Þann 11. febrúar ár hvert er haldið upp á 112 daginn þar sem dagsetningin minnir á neyðarnúmer allra landsmanna. Markmiðið er að kynna neyðarnúmerið og starfsemi þeirra aðila sem tengjast því. Í ár var þema dagsins börn og öryggi en börn geta ver-

ðið stórkostlegar fyrirmyndir þegar kemur að öryggi og forvörnum. Börn geta verið fyrirmyndir á marga vegu í daglegu lífi, eins og þegar þau ganga með endurskinsmerki, eru með hjálm þegar þau hjóla, spenna beltin í bíl og auðvitað þegar þau minna fullorðna á

Góugleði

verður haldin 8. mars í Röst.

Miðasala auglýst síðar.

Takið daginn frá!

Kveðja nefndin.

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is



Úrvinnslusjóður greiðir til baka

Árið 2024 fóru sveitarfélög á Íslandi í innleiðingu á nýju flokkunarkerfi til að uppfylla kröfur nýrra laga um flokkun úrgangs, þar voru Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær ekki undanskilin og flokka nú öll heimili sorpið í almennt, lífrænt, pappa og plast auk þess sem gleri og málmum er skilað í grenndargáma innan sveitarfélaganna. Hægt er að skoða upplýsingar um sorpsöfnun allra sveitarfélaga á landinu á vefsíðu Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is. Þar er hægt að sjá tölfræðina á bak við sorpsöfnun sveitarfélaganna, til að mynda magn sorps, hvernig það er flokkað og upphæðina sem flokkað sorp skilar til baka til sveitarfélaganna. Ef valið er að skoða síðasta ársfjórðung ársins 2024 inni á vefsíðunni sést að í Snæfellsbæ var meðal annars safnað 9,1 tonni af pappaumbúðum, 5,3 tonnum af plastumbúðum og 3,6 tonnum af öðrum pappír. Í heildina var safnað 23,9 tonnum af sorpi síðustu þrjá mánuði 2024 sem skilaði Snæfellsbæ 2.6 milljónum í endurgreiðslu vegna flokkaðs sorps. Endurgreiðslur fyrir árið 2024 í heild sinni voru 4,3 milljónir.

Á sama tíma söfnuðust 5,6 tonn af pappaumbúðum, 1,1 tonn af öðrum pappír og 1,1 af plastumbúðum í Grundarfjarðarbæ.



Þar safnaðist í heildina 9,2 tonn af sorpi sem skiluðu tæpum 667 þúsund krónum til bæjarfélagsins í endurgreiðslu og rúm 1 milljón fyrir allt árið 2024.

Áhugasamir geta farið inn á vefsíðuna, inn í tengilinn "Tölulegar upplýsingar" og þaðan í "Sérstök söfnun". Þar er hægt að sjá ítarlegri tölur um söfnun sorps,

greiðslur og gjaldskrár. Það er vert að taka fram að því meira sem bæjarbúar flokka því hærra verður endurgreiðslan og þar af leiðandi eykst svigrúm til að halda

gjaldskrá stöðugri og til að lækka hana í framtíðinni. Í tilkynningu frá Snæfellsbæ kemur fram að gert sé ráð fyrir þessum endurgreiðslum í gjaldskrá sveitarfélagsins.

SJ



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Fréttir af verkföllum

Verkföll Verkfall hefur staðið yfir á leikskólum Snæfellsbæjar síðan 1. febrúar síðastliðinn. Þann 9. febrúar dæmdi félagsdómur verkföll Kennarasambands Íslands í þrettán leikskólum og sjö grunnskólum víða um land ólögmat. Verkfall KÍ í Snæfellsbæ var hins vegar ekki dæmt ólögmat vegna þess að allir félagsmenn leikskólakennara í Snæfellsbæ greiddu atkvæði um verkfallið. Því mættu öll börn og kennarar sem höfðu verið í verkfalli aftur í skóla daginn eftir að undanskildum leikskólunum í Snæfellsbæ. Verkföll hefjast svo að óbreyttu þann 21. febrúar í nokkrum framhaldsskólum, þar á meðal Fjöl-

brautaskóla Snæfellinga. Dómur félagsdóms hefur ekki áhrif á verkföllin sem eru á dagskrá 21. febrúar.

Fyrirhuguðu verkfalli Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og sveitarfélaga er aflýst og hafa samningar milli deiluaðila náðst. LSS boðaði til verkfalla sem áttu að hefjast þann 10. febrúar hjá öllum félögum LSS sem stafa hjá sveitarfélögum. Á næstu tveimur vikum verða samningar kynntir fyrir félagsmönnum og í framhaldinu verður rafræn kosning sem lýkur 24. febrúar.

JJ



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Dagur leikskólans var 6. febrúar

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur 6. febrúar ár hvert. Dagurinn er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heimilis og skóla. Markmiðið með deginum er að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf og um leið beina athygli samfélagsins að því faglega og metnaðarfulla starfi sem innt er að hendi í leikskólum

landsins á hverjum degi.

Í Grundarfirði gerðu starfsfólk og nemendur á leikskólanum Sól-völlum listaverk og voru börnin spurð spurninga um leikskólann. Afrakstur þeirrar vinnu er til sýnis í gluggum leikskólans. Nemendur í leikskólum Snæfellsbæjar útbjuggu listaverk í tilefni dagsins sem þau hengdu sjálf upp í Kassanum í Ólafsvík og í Hraðbúðinni á Hellissandi.


JJ






- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029 undirrituð

Í maí 2024 hófst vinna við endurskoðun og endurmótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vesturland á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Um er að ræða stefnumótandi áætlun sem unnin er með aðkomu fjölbreytt hóp af fólki en árið 2013 kom Sóknaráætlun Vesturlands fyrst út. 2015 var undirritaður samningur á milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og SSV hins vegar um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 og í framhaldi var gefið út Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024. Í Sóknaráætlun er farið inn á markmið næstu ára er lúta að mannaúð & velferð, menningu & skapandi greinum, umhverfi & loftslagi og atvinnu & nýsköpun. Ný sóknaráætlun er endur-



nýjun á sóknaráætluninni 2020-2024. Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur hafa verið skerpt og endurbætt en þær endurbættur voru unnar út frá forsendum samráðs við íbúa Vesturlands. Meginstefna nýrrar sóknaráætlunar er að almennt sé lagt upp með að

styðja við verkefni sem auka samvinnu innan landshlutans. Þann 29. janúar voru sóknaráætlunir átta landshlutasamtaka undirritaðar í Norræna húsinu. Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og

háskólaráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fulltrúar landshlutasamtakanna undirrituðu samningana.

SJ



Framtíðarstarf í Ólafsvík

N1 Ólafsvík leitar að kraftmiklum starfskrafti með góða þjónustulund til framtíðarstarfa.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn afgreiðsla í verslun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Reglusemi og stundvísi áskilin

Fríðindi í starfi

- Afsláttur hjá N1, Krónunni, ELKO og Lyfju
- Styrkur til heilsueflingar
- Aðgangur að velferðarþjónustu N1

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aría Jóhannesdóttir, stöðvarstjóri, ariajoha@n1.is.



JAFNLAUNAVÖTTUN
2024 - 2027

